



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

20. febrúar 2014

Mál nr. S-440/2013:
Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(*Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari*)

Ákærða: A
(*Ómar Örn Bjarnþórsson, hdl.*)

Dómari: Símon Sigvaldason héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 20. febrúar 2014 í máli nr. S-440/2013:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Ómar Örn Bjarnþórsson, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar 2014, er höfðað af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með ákæru dagsettri 4. júní 2013, á hendur A, kt. [...], [...] fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt [...] 2011 á skemmtistaðnum [...], Reykjavík, kýlt B í andlit með þeim afleiðingum hún nefbrotnaði.

Er talið að þetta varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu er krafist að ákærðu verði gert að greiða skaðabætur að fjárhæð 27.397 krónur skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og miskabætur skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, að fjárhæð 500.000 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 5. júní 2011, en síðan dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga sbr. 9. gr. sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Verjandi ákærðu krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærðu hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærða hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að ákærða er sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og eru brot hennar rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærða er fædd [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki áður sætt refsingu, svo kunnugt sé. Í ljósi ungs aldurs ákærðu, greiðlegrar játningar hennar og þess að nokkuð er um liðið síðan atburður sá átti sér stað sem mál þetta varðar er refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði, sem bundið verður skilorði með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Í málinu er gerð krafa um að ákærða greiði brotþola skaðabætur að fjárhæð 27.397 krónur, auk vaxta og miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur auk vaxta. Ákærða hefur samþykkt skaðabætur að fjárhæð 27.397 krónur og verður sá hluti skaðabótakröfunnar tekinn til greina. Ákærða hefur viðurkennt bótaskyldu að því er miska varðar en telur miskabótakröfu of háa. Í skaðabótakröfu er vísað til þess að brotþoli hafi leitað á slysadeild tveim dögum eftir árásina, en brotþoli hafi fengið miklar blóðnasir og verið með mikil eymsli í nefi. Þá kemur fram að skekkju í nefi hafi þurft að laga með aðgerð í svæfingu. Jafnframt kemur fram að brotþoli hafi ítrekað þurft að leita til læknis vegna áverkans. Með hliðsjón af þessu og því að ákærða hefur verið sakfelld fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 þykir ákærða hafa valdið brotþola miska samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Verða miskabætur ákveðnar að álitum og þykja þær hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir. Loks greiði ákærða brotþola 120.000 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði 101.900 krónur í sakarkostnað þar með talda málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ómar Örn Bjarnþórsson héraðsdómslögmanns, 62.750 krónur.

D Ó M S O R Ð :

Ákærða, A, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði B 327.397 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. júní 2011 til 10. júlí 2013, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 9. gr., frá þeim degi til greiðsludags og 120.000 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði 101.900 krónur í sakarkostnað þar með talda málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar héraðsdómslögmanns, 62.750 krónur.

Símon Sigvaldason